

Fimmtudaginn 15. janúar 1998.

Nr. 16/1998.

Guðjón Rúnar Sverrisson

(Róbert Árni Hreiðarsson hdl.)

gegn

Bílasöluinni Borg ehf. og

sýslumanninum í Reykjavík

(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

Kærumál. Innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 23. desember 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 7. janúar sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. desember 1997, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um, að nánar tiltekið skuldabréf yrði fengið sér úr vörslum varnaraðilans sýslumannsins í Reykjavík með beinni aðfarargerð. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að umbeðin aðfarargerð verði heimiluð og sér dæmdur málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður, en til vara, að málskostnaður í héraði verði felldur niður eða lækkaður.

Varnaraðilinn Bílasalan Borg ehf. krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilinn sýslumaðurinn í Reykjavík hefur ekki látið málið til sín taka.

Samkvæmt gögnum málsins var skuldabréfið, sem krafa sóknaraðila snýr að, lagt fram hjá sýslumanninum í Reykjavík við fjárnám, sem var gert 11. janúar 1996 hjá Þrání Stefánssyni samkvæmt kröfu varnaraðilans Bílasöluinnar Borgar ehf. Mun skuldabréfið síðan hafa verið í vörslum sýslumannsins.

Innsetningargerð samkvæmt 78. gr., sbr. 73. gr. laga nr. 90/1989, verður eftir eðli máls beint að þeim, sem hefur í vörslum sínum þann hlut, sem gerðarbeiðandi leitast við að fá umráð yfir með gerðinni. Samkvæmt áðursögðu er umrætt skuldabréf komið í vörslur sýslumannsins í Reykjavík með því, að það var lagt fram við að-

farargerð. Vegna ákvæða 2. mgr. 32. gr. laga nr. 90/1989, sbr. 2. mgr. og 3. mgr. 13. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 17/1992 um málaskrár og gerðabækur vegna aðfarargerða, kyrrsetningar, löggeymslu og lögbanns, getur sýslumaður ekki afhent skuldabréfið öðrum en varnaraðilanum Bílasölunni Borg ehf., sem lagði það fram við aðfarargerðina, nema til komi samþykki hans eða annar sýni fram á heimild til skuldabréfsins, sem gangi framur rétti varnaraðilans. Slíkt samþykki liggur ekki fyrir í málinu. Sóknaraðila stoðar ekki að leitast við að sýna fram á aðra heimild til skuldabréfsins með því að beina kröfum að ófyrirsynju í máli þessu að varnaraðilanum Bílasölunni Borg ehf. Samkvæmt því eru ekki skilyrði til að heimila umbeðna innsetningargerð. Verður niðurstaða hins kærða úrskurðar því staðfest.

Sóknaraðili verður dæmdur til að greiða kærumsálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Guðjón Rúnar Sverrisson, greiði varnaraðila, Bílasölunni Borg ehf., 50.000 krónur í kærumsálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. desember 1997.

I.

Ágreiningsmál þetta, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur með aðfararbeiðni, dagsettri 29. september 1997, var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 13. nóvember sl.

Gerðarbeiðandi er Guðjón Rúnar Sverrisson, kt. 291263-5699, Hrafnhólum 8, Reykjavík.

Gerðarþolar eru Bílasalan Borg ehf., kt. 511094-2089, Skeifunni 6, Reykjavík, og sýslumaðurinn í Reykjavík, kt. 640692-2199, Skógarhlíð 6, Reykjavík.

Dómkröfufur gerðarbeiðanda eru þær, að kveðinn verði upp úrskurður um, að skuldabréf, að fjárhæð 1.000.000 kr., sem greiða skyldi með 36 mánaðarlegum afborgunum, fyrst 15. mars 1995, út gefið 10. febrúar 1995 af Gleðigjafanum ehf. til gerðarþola Bílasölnnar Borgar ehf. með sjálfskuldarábyrgð gerðarbeiðanda og Þráins Stefánssonar, verði tekið með beinni aðfarargerð úr vörslum gerðarþola sýslumannsins í Reykjavík og fengið gerðarbeiðanda til umráða. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi

gerðarþola Bílasölnunnar Borgar ehf. að mati dómsins og fjárnám auk þess heimilað á hendur honum fyrir kostnaði af væntanlegri gerð.

Dómkröfur gerðarþola Bílasölnunnar Borgar ehf. eru þær aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara, að kröfum gerðarbeiðanda verði hafnað. Í báðum tilvikum krefst gerðarþoli málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins.

Sýslumaðurinn í Reykjavík hefur ekki sótt þing eða gert kröfur í málinu.

II.

Með kaupsamningi 19. janúar 1995 keypti gerðarbeiðandi af gerðarþola Bílasölnunni Borg rekstur veitingastaðarins Café Bóhem, Vitastíg 3, Reykjavík. Samkvæmt 3. gr. kaupsamningsins skyldi kaupverðið, 3.000.000 kr., greitt svo:

- „1. Með skuldabréfi, útg. af óstofnuðu hlutafélagi með sjálfskuldarábyrgð Guðjóns Sverrissonar, kt. 291263-5699, Hrafnhólum 8, Reykjavík, Práins Stefánssonar, kt. 291161-2789, Glaðheimum 14, Reykjavík, og Sverris Þorleifssonar, kt. 180725-4319, Hrafnhólum 8, Reykjavík, 1.000.000 kr.
2. Með veðskuldabréfi, útg. af óstofnuðu hlutafélagi með sjálfskuldarábyrgð Guðjóns Sverrissonar og Práins Stefánssonar, 1.000.000 kr.
3. Með veðskuldabréfi útg. af óstofnuðu hlutafélagi með sjálfskuldarábyrgð Guðjóns Sverrissonar og Práins Stefánssonar, 1.000.000 kr.“.

Síðan segir í kaupsamningnum, að „líftími“ ofangreindra skuldabréfa sé þrjú ár og greiðsla afborgana og vaxta fari fram með jöfnum mánaðarlegum afborgunum, í fyrsta sinn 15. mars 1995.

Í samningnum er svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða: „Komi til þess, að synjað verði um endurnýjun útgáfu vínveitingaleyfis fyrir 1. júní 1995, eru aðilar ásáttir um, að kaupverð lækki þannig, að seljandi skili kaupanda skuldabréfi, að fjárhæð 1.000.000 kr., skv. 3. tl. 3. gr. samnings þessa, en kaupin standi að öðru leyti.“ Umrætt vínveitingaleyfi fékkst ekki endurnýjað fyrir 1. júní 1995. Starfsemi skemmtistaðarins var eftir það flutt í annað húsnæði, þar sem tilskilin leyfi fengust.

Með aðfararbeiðni 23. júní 1995 krafðist gerðarþoli Bílasalan Borg hf. fjárnáms á grundvelli eins skuldabréfsins hjá Práni Stefánssyni, öðrum ábyrgðarmanna á því. Var fjárnám gert í eignum gerðarþola 11. janúar 1996.

III.

Kröfu sína kveðst gerðarbeiðandi styðja samningi gerðarbeiðanda og gerðarþola Bílasölnunnar Borgar ehf. um kaup gerðarbeiðanda á veitingastaðnum Café Bóhem, Vitastíg 3, Reykjavík. Samkvæmt 3. gr. samningsins hafi kaupverð verið ákveðið 3.000.000 kr., sem greiða skyldi með útgáfu

þriggja skuldabréfa til gerðarþola Bílasölnunnar Borgar ehf. Gerðarbeiðandi hafi staðið við samninginn að sínu leyti og gefið út f. h. Gledigjafans ehf. þrjú skuldabréf til Bílasölnunnar Borgar ehf. Skuldabréfin hafi verið samhljóða að öðru leyti en því, að Sverrir Þorleifsson hafi verið þriðji sjálf-skuldarábyrgðarmaðurinn á einu skuldabréfanna í samræmi við 1. tl. 1. mgr. 3. gr. kaupsamningsins. Gerðarbeiðandi kveður það skuldabréf upp greitt.

Gerðarbeiðandi kveður gerðarþola Bílasölnuna Borg ehf. hafa framselt Óskari Guðnasyni skuldabréf skv. 2. tl. 1. mgr. 3. gr. samningsins, og sé það, eftir því sem gerðarbeiðandi viti best, enn í hans eigu. Skuldabréf skv. 3. tl. og það, sem krafist sé umráða yfir, kveður gerðarbeiðandi enn í eigu gerðarþola Bílasölnunnar Borgar ehf., en sé sem standi í vörslum sýslumannsins í Reykjavík sem heimildarskjal í aðfararmáli.

Gerðarbeiðandi vísar til þess, að í sérstöku bráðabirgðaákvæði áðurgreinds kaupsamnings um veitingastaðinn Café Bóhem hafi verið kveðið á um, að kæmi til þess, að synjað yrði um endurnýjun vínveitingaleyfis fyrir veitingastaðinn fyrir 1. júní 1995, myndi kaupverðið lækka með þeim hætti, að seljandi, Bílasalan Borg ehf., skilaði kaupanda skuldabréfi samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 3. gr. samningsins.

Með bréfi, dags. 26. maí 1995, hafi lögreglustjórinn í Reykjavík hafnað beiðni gerðarbeiðanda um framlengingu vínveitingaleyfisins. Þar sem vínveitingaleyfi hafi ekki fengist fyrir 1. júní 1995, hafi gerðarþola borið að skila einu skuldabréfanna í samræmi við áðurnefnt ákvæði kaupsamningsins. Það hafi hann hins vegar ekki gert, heldur falið lögmanni sínum innheimtu bréfsins. Hafi gerðarbeiðandi iðulega skorað á gerðarþola Bílasölnuna Borg ehf. að láta af innheimtu skuldabréfsins og afhenda sér það, en án árangurs. Þar sem umræddu skuldabréfi hafi ekki enn verið skilað, sé nú krafist umráða yfir því samkvæmt heimild í samningnum sjálfum og með vísan til 78. gr. laga nr. 90/1989. Kveðst gerðarbeiðandi beina kröfu að sýslumanninum í Reykjavík sem vörsluhafa bréfsins, en Bílasölnni Borg ehf. sem rétthafa samkvæmt því.

IV.

Af hálfu gerðarþola Bílasölnunnar Borgar ehf. er því haldið fram, að laga-grundvöll bresti fyrir kröfum gerðarbeiðanda, þar sem krafa hans viti að efnisúrlausn og hugsanlegum ágreiningi milli aðila. Beri því að vísa málinu frá dómi ex officio. Einnig er krafist frávísunar með vísan til 100. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 1. og 2. mgr. 78. gr. og 3. mgr. 83. gr. laga nr. 90/1989.

Gerðarþoli kveður 1. mgr. 78. gr. laga nr. 90/1989 veita heimild til innsetningar- og útburðargerða, sem í reynd sé krafa um, að sýslumaður færi eign úr vörslum gerðarþola í hendur gerðarbeiðanda. Samkvæmt ákvæðinu

sé unnt að beina til héraðsdómara beiðni um, að bein aðfarargerð verði heimiluð, ef manni sé með ólögætum hætti aftrað að neyta réttinda, sem hann tjáir sig eiga og telur svo ljós.

Í máli þessu liggja fyrir og sé staðfest í aðfararbeiðni, að umrædd réttindi, skuldabréfið, séu í eigu gerðarþola, en í aðfararbeiðni segi: „Skuldabréf skv. 3. tl. og það, sem krafist er umráða yfir, er enn í eigu gerðarþola Bílasölunnar Borgar ehf., en er sem stendur í vörslum gerðarþola sýslumannsins í Reykjavík sem heimildarskjal í aðfararmáli.“ Þannig sé upplýst og óumdeilt, að um tilgreind skilyrði 1. mgr. 78. gr. aðfararlaga sé ekki að ræða. Beri því þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli kveður skuldabréfi samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 3. gr. hafa verið skuldbreytt vegna vanskila og nýtt skuldabréf gefið út í stað hins upprunalega. Sé það bréf enn ógreitt. Hinum tveimur skuldabréfunum hafi verið lýst nákvæmlega eins í 2. og 3. tl. 1. mgr. 3. gr. sammingsins, og sé ógerningur að vita, hvort það bréf, sem gerðarbeiðandi krefjist að fá afhent með innsetningargerð, sé skuldabréf samkvæmt 2. eða 3. tl. Af hvorugu bréfananna hafi hins vegar verið greitt, og sé kaupverð veitingastaðarins Café Bóhem því í vanskilum að mestum hluta. Kveður gerðarþoli rétt að geta þess, að gegn greiðslu á kröfu samkvæmt umræddu skuldabréfi sé gerðarþoli reiðubúinn að afhenda gerðarbeiðanda skuldabréfið, en óumdeilt sé, að krafa að baki því sé ógreidd.

Gerðarþoli heldur því fram, að synjað hafi verið um endurnýjun vínveitingaleyfis handa veitingastaðnum Café Bóhem af ástæðum, sem nýjum eiganda hafi verið um að kenna, og geti gerðarbeiðandi því ekki borið fyrir sig ákvæði um lækkun kaupverðs. Því er einnig haldið fram, að ágreiningur um réttar efndir kaupsammingsins sé óútkljáður og réttur gerðarbeiðanda engan veginn svo ljós, að hann geti fengið skuldabréfið afhent með innsetningargerð.

Þá bendir gerðarþoli á, að skuldabréf það, sem krafist sé innsetningar í, sé hið eina af kaupverðinu, sem einhver líkindi séu til, að fáist greitt, þar sem tekist hafi að tryggja greiðslu þess með fjárnámi, en skuldarar á bréfunum séu að öðru leyti eignalausir. Með innsetningarbeiðninni sé gerðarbeiðandi þannig að reyna að losna að öllu leyti undan því að greiða kaupverð veitingastaðarins.

Gerðarþoli krefst málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda með vísan til 1. mgr. 130. gr., sbr. 129. gr. og 131. gr. laga nr. 91/1991, þar sem hann telur allan málatilbúnað gerðarbeiðanda tilgangslausan og óþarfan.

Fyrir liggur, að samkvæmt sérstöku ákvæði til bráðabirgða í kaupsamningi aðila um rekstur veitingastaðarins Café Bóhem urðu aðilar ásáttir um, að kaupverðið myndi lækka úr 3 m. kr. í 2. m. kr., ef synjað yrði um endurnýjun útgáfu vínveitingaleyfis fyrir 1. júní 1995, og að þá myndi seljandi afhenda kaupanda skuldabréf, að fjárhæð 1.000.000 kr., skv. 3. tl. 3. gr. samningsins. Fyrir liggur, að endurnýjun vínveitingaleyfis fékkst ekki, en aðilar eru ekki á einu máli um, hvor þeirra beri ábyrgð á því.

Gerðarþoli hefur haldið því fram í málinu, að skuldabréf, sem gefin voru út í samræmi við 2. og 3. tl. 1. mgr. 3. gr. kaupsamningsins, séu að öllu leyti ógreidd, og skuldabréf, sem komið hafi í stað skuldabréfs, er gefið hafi verið út í samræmi við 1. tl., sé í vanskilum. Gerðarbeiðandi hefur lagt fram í málinu frumrit upphaflegs skuldabréfs skv. 1. tl. og ljósrit af því skuldabréfi, sem hann kveður vera í vörslum sýslumannsins í Reykjavík. Gerðarbeiðandi hefur hins vegar ekki sýnt fram á með kvittunum eða öðrum hætti, að hann hafi greitt af skuldabréfum þeim, sem gefin voru út samkvæmt 2. og 3. tl. 1. mgr. 3. gr. samningsins. Verður því að leggja til grundvallar í málinu, að kaupverð veitingastaðarins hafi aðeins að litlu leyti verið greitt og gerðarbeiðandi því ekki staðið við þær skyldur, sem honum bar að efna án tillits til þess, hvort tækist að endurnýja vínveitingaleyfið.

Svo sem að framan er rakið, var í fyrrgreindu bráðabirgðaákvæði mælt fyrir um afhendingu á skuldabréfi samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 3. gr. samningsins, ef endurnýjun vínveitingaleyfis fengist ekki. Þar sem skuldabréfum þeim, sem gefa skyldi út samkvæmt 2. og 3. tl., var lýst á nákvæmlega sama hátt og þau ekki aðgreind með númerum eða á annan hátt, þykir gerðarbeiðandi ekki hafa sýnt fram á, að skuldabréf það, sem sýslumaðurinn í Reykjavík gerði fjárnám fyrir í eignum Þráins Stefánssonar 11. janúar 1996, sé skuldabréf það, sem afhenda skyldi samkvæmt bráðabirgðaákvæði kaupsamningsins. Þetta skiptir meira máli fyrir þær sakir, að leggja verður til grundvallar, að bæði bréfin séu ógreidd.

Með hliðsjón af öllu framangreindu þykir gerðarbeiðandi engan veginn hafa sýnt fram á, að réttur hans til þess að fá umrætt skuldabréf afhent sé svo ljós, að rétt sé að heimila, að honum verði fengin umráð þess með aðfarargerð á grundvelli 78. gr. laga nr. 90/1989.

Rétt þykir, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola Bílasölnni Borg ehf. málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 50.000 krónur.

Sigurður T. Magnússon héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er þeirri kröfu gerðarbeiðanda, Guðjóns Rúnars Sverrissonar, að heimilað verði, að skuldabréf, að fjárhæð 1.000.000 kr., út gefið 10. febrúar 1995 af Gleðigjafanum ehf. til gerðarþola Bílasöluunnar Borgar ehf. með sjálfskuldarábyrgð gerðarbeiðanda og Þráins Stefánssonar, verði tekið með beinni aðfarargerð úr vörslum gerðarþola sýslumannsins í Reykjavík og fengið gerðarbeiðanda til umráða.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola 50.000 krónur í málskostnað.
